

## Niðurstöður aðalfundar Haga hf.

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 3. júní 2016. Fundurinn hófst kl. 09:05. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

**1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)**

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda var lagður fram og samþykktur samhljóða.

**2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)**

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 1,70 krónu á hlut var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 7. júní 2016, arðleysisdagur 6. júní 2016 og útborgunardagur 24. júní 2016.

**3) Þóknun til stjórnarmanna (dagskrárliður 4)**

Tillaga stjórnar Haga hf. um að stjórnarlaun hækki um 10%, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 550.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 275.000,- á mánuði var samþykkt samhljóða. Auk þess var samþykkt samhljóða tillaga stjórnar um óbreytt laun í undirnefndum stjórnar, þ.e. formaður fær greitt kr. 140.000,- á mánuði og nefndarmenn kr. 70.000,- á mánuði.

**4) Starfskjarastefna (dagskrárliður 5)**

Fyrir fundinum lá tillaga að starfskjarastefnu félagsins, en hún var óbreytt frá áður samþykktari starfskjarastefnu. Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða.

**5) Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda (dagskrárliður 6)**

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969

Kristín Friðgeirsdóttir, kt. 090871-5369

Salvör Nordal, kt. 211162-5119

Sigurður Arnar Sigurðsson, kt. 090164-2529

Stefán Árni Auðólfsson, kt. 210772-4729

Fimm framboð bárust og var því sjálfkjörið. Allir frambjóðendur voru áður í stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan KPMG ehf., kt. 590975-0449, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

**6) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 7)**

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt



með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli sömu ákvæða. Tillagan var samþykkt samhljóða.